



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi



Innra mat

Skólaárið 2025-2026

Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi



Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| INNGANGUR..... | 3 |
| GÆÐI, MAT OG UMBÆTUR | 3 |
| INNRI OG YTRI ÚTTEKTIR | 4 |
| ÁBENDINGAR, ATVIK, ÁHÆTTUMAT | 4 |
| ENDURGJÖF FRÁ NEMENDUM | 5 |
| ENDURGJÖF FRÁ STARFSFÓLKI | 10 |
| STEFNUMÓTUNARVINNA..... | 12 |
| ÁRANGUR NEMENDA, MARKMIÐ OG MÆLIKVARÐAR | 12 |
| NÝMÆLI | 13 |
| STARFSÞRÓUN | 14 |
| JAFNLAUNAKERFI, JAFNRÉTTI, ÁRANGUR | 14 |
| VIÐHALD OG ENDURNÝJUN | 15 |
| LOKAORÐ..... | 15 |

INNGANGUR

Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi (FVA) er öflugur og rótgróinn bók- og verknámsskóli sem starfar eftir áfangakerfi og er skólaárinu skipt upp í tvær annir. FVA var settur í fyrsta sinn þann 12. september 1977 og fagnar því 50 ára afmæli á næsta ári.

Ásamt hefðbundnu bóknámi til stúdentsprófs, framhaldsskólabraut og starfsbraut, er boðið upp á nám í málmíðngreinum, húsasmíði, rafvirkjun og á sjúkraliðabraut. Auk náms í dagskóla er boðið upp á dreif- og helgarnám í húsasmíði, á sjúkraliðabraut og í meistaranámi.

Nemendafjöldi á skólaárinu 2025-2026 er að meðaltali 485 á önn og heildarfjöldi starfsfólks um 70.

Sérstaða og áherslur skólans frá 2020 felast í lýðræðislegum stjórnunar- og kennsluháttum, sterkum tengslum við atvinnulíf og íþróttir á svæðinu, persónulegri þjónustu, notalegu andrúmslofti og fjölbreyttu námsframboði.

Jafnrétti – Virðing – Fjölbreytileiki

GÆÐI, MAT OG UMBÆTUR

Í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 er m.a. kveðið á um hvernig mati og eftirliti skuli háttað í framhaldsskólum landsins. Fram kemur að hver skóli skuli meta árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsfólks, nemenda, forráðamanna og eftir atvikum öðrum hagaðilum. Markmið mats og eftirlits með gæðum eru að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks, nemenda, forráðamanna, viðtökuskóla og atvinnulífs
- tryggja að starfsemi sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum

Hjá FVA er unnið kerfisbundið að framangreindum markmiðum og mati á árangri og er innra mat samfíð starfsemi skólans sem er í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla og reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum.

Innleiðing gæðakerfis FVA hófst 2021 og er [Gæðahandbók FVA](#) aðgengileg á vefsíðu skólans þar sem má nálgast [gæðastefnu](#) skólans, [gæðamarkmið](#) og vel á annað hundrað lýsingar samtals (verklagsreglur, gátlistar, leiðbeiningar, starfslýsingar og stefnuskjöl auk ýmissa eyðublaða). Í gæðastarfi felst m.a. skýrt og samræmt verklag á öllum sviðum en eftirlit með því styður m.a. öryggi í starfs- og vinnuumhverfinu og er liður í uppbyggingu öryggismenningar.

[Gæðaráð](#) skipa skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, gæðastjóri og fulltrúi kennara sem kom nýr að borðinu á árinu. Hlutverk og verkefni gæðaráðs voru endurskoðuð í samræmi við áætlun frá fyrra ári þar um. Ráðið vinnur í samræmi við gæðastefnu skólans, gerir matsáætlun og hefur með höndum innra mat sem er grundvöllur stöðugra umbóta í skólastarfi. Niðurstöður mats á árangri og gæðum og tengsl þeirra við m.a. skólanámskrá og áætlanir eru birtar í árlegum [skýrslum um innra mat](#).

INNRI OG YTRI ÚTTEKTIR

Matsáætlanir sem ná bæði til innra og ytra mats, ýmissa kannana og úttekta, bæði innri og ytri, eru endurskoðaðar reglubundið og uppfærðar eftir þörfum:

- Verk- og framkvæmdaáætlun fyrir innra mat (STE-0024)

Hér á eftir eru teknar saman helstu niðurstöður úttekta, atvikaskráningar (ábendingar, kvartanir, næstum því slys, áhættumat), endurgjafar frá nemendum (kennslukannanir, þjónustukönnun, rýnihópavinna ofl) og starfsfólki (stofnun ársins og niðurstöður rýnihópvinnu).

Innri og ytri úttekt á jafnlaunakerfi skólans

Árleg innri úttekt á jafnlaunakerfi skólans á grundvelli verklagsreglu í gæðahandbók, VER-0016 og úttektaráætlun, GAT-0011 fór fram í jan-feb 2026. Niðurstaða innri úttektaraðila (til þess þjálfaður starfsmaður úr röðum kennara) í úttektarskýrslu var eftirfarandi: „Niðurstöður úttektar gefa til kynna að FVA vinnur í samræmi við verklagsreglur jafnlaunakerfis FVA sem hlítir staðli ÍST85:2012. Engin frábrigði/frávik fundust en úttektaraðili gerði eina ábendingu er varðar vefslóðir í gæðahandbók FVA.“ Gæðastjóri leiðrétti strax umrædda villu. Næsta innri úttekt hefur ekki verið skipulögð en framundan eru breytingar á eftirliti með launajafnrétti [sbr. lagabreytingu 1.6.2026](#).

Árleg ytri úttekt löggiltrar vottunarstofu fór fram í mars 2026. Í ljósi fyrrnefndrar lagabreytingar var þetta síðasta úttekt með því sniði sem verður hefur frá 2020. Vottunarstofan staðfesti í endurvottunarúttektinni að jafnlaunakerfi FVA uppfylli áfram kröfur staðalsins ÍST 85:2012. Í skýrslu vottunarstofunnar kom eftirfarandi m.a. fram: „Að mati úttektarstjóra er haldið vel utan um jafnlaunakerfi FVA og rekstur þess. Skjalfesting framkvæmdar þeirrar, sem rýnd var í úttektinni, er skilmerkileg og góð. Að mati úttektarstjóra ríkir metnaður innan FVA til þess að nýta kerfið áfram til umbóta og ná enn betri árangri þegar kemur að jafnlaunamálum innan skólans.“ Í framhaldi endurnýjaði Jafnréttisstofa heimild til að nota jafnlaunamerkið sem gildir í jafnlangan tíma og vottunin eða til apríl 2029; jafnlaunamerkið má sjá á [vefsíðu](#) skólans.

Ytra mat MRN

Formlegt ytra mat á skólanum á vegum MRN var síðast framkvæmt 2022, sbr. [skýrslu](#) úttektaraðila þar sem tilgreind voru umbótatækifæri; unnið hefur verið að þeim jafnt og þétt og umbætur hafa gengið vel, sjá nánar í [ársskýrslu 2025](#), bls. 19.

ÁBENDINGAR, ATVIK, ÁHÆTTUMAT

Ábendingar og kvartanir

Kappkostað er að eiga góð samskipti við forráðamenn og aðra hagaðila. Ábendingar og kvartanir geta borist eftir ýmsum leiðum, s.s. símleiðis, með tölvupósti eða í samtölum á staðnum. Erindin eru rýnd og umbætur gerðar eftir því sem mögulegt er, með hag nemenda að leiðarljósi en umbætur geta t.d. varðað endurskoðun á skólareglum eða sértækum reglum eins og [heimavistarreglum](#).

Um allar ábendingar gildir að þær eru nýttar til að rýna hvað má fara betur í starfsemi.

Almennum ábendingum er hægt að koma á framfæri í gegnum vefinn en einnig símleiðis beint við skrifstofu eða stjórnendur skólans.

Ábendingar og/eða beiðnir starfsfólks í tengslum við launakjör (ýmist munnleg eða skrifleg) eru skráðar við móttöku, rýndar og afgreiddar jafnóðum með formlegum hætti. Á árinu komu fram tvær ábendingar og var leyst úr þeim með hraði.

Atvik, skráning og eftirfylgd

Gegnum vefsíðuna er einnig hægt að skrá atvik, s.s. slys, óhöpp og atvik þar sem lá við slysi sem varð þó ekki; átt er við atvik sem verða bæði í skólastarfinu og annarri starfsemi sem er tengd skólanum, s.s. á samkomum og ferðum á vegum skólans.

| | | | |
|------|-----|---|---|
| Jan' | | 3 | Engin atvik tilkynnt - öryggir skólamánuðir |
| Feb' | | 7 | Tilkynnt atvik/óhapp án alvarlegra afleiðinga 7 af x7 leiddu til samtals 0 fjarv.d. umfram atvikadag |
| Mar' | | | |
| Apr | Maí | | |
| Jún | Júl | | |
| Ágú | Sep | 0 | Tilkynnt vinnuslys sem leiða til lengri fjarvistar |
| | Okt | 0 | Slys leiddi/leiddu til alls x fjarvistardaga |
| | Nóv | | |
| | Des | 2 | Skólamán. í röð án tilk. um atvik/slys |

Á skólaárinu 2025-2026 voru skráð 7 atvik sem öll féllu undir atvik/óhapp án alvarlegra afleiðinga en 3 sem féllu undir annað. Skráðum atvikum er fylgt eftir og skoðað með öryggisnefnd hvort og hvernig megi gera úrbætur til að koma í veg fyrir endurtekin atvik af sama toga. Einfalt yfirlit sbr hér til hliðar er birt árlega á starfsmannafundi til að styrkja öryggismenningu.

Áhættumat

Áhættumat á hinum ýmsu sviðum í starfsemi skólans er í höndum öryggisnefndar; það er grundvallað á vinnuhverfisvísium Vinnueftirlitsins, framkvæmt reglubundið og niðurstöðum fylgt eftir eins og við á. Síðast var gerð úttekt á skólaárinu 2024-2025; næsta úttekt verður á skólaárinu 2026-2027.

Áhættumat sem er sérstaklega tengt vettvangsferðum og öðrum nemendaferðum er virkt og niðurstöður nýttar til umbóta þegar það á við, sjá [verklagsreglu VER-0001 um nemendaferðir](#). Ábyrgðarfólk vettvangsferða skilar skýrslum til skólameistara í samræmi við verklagsreglur og eru þær vistaðar í skjalakerfi skólans.

ENDURGJÖF FRÁ NEMENDUM

Markmið á mikilvægum sviðum skólastarfsins og starfsemi skólans í heild eru sett, mælikvarðar skilgreindir og árangur metinn reglubundið, t.d. í innri könnunum, rýnihópavinnu, í endurgjöf nemenda í kennslukönnunum, starfsmannasamtölum og ytri mælingum eins og í Framhaldsskólápúlsinum (Skólápúlsinum) og Stofnun ársins. Niðurstöður eru leiðbeinandi fyrir stjórnendur í stöðugri viðleitni þeirra við að öll nái sem bestum árangri, hvort sem um er ræða líðan eða árangur í námi og starfi og að umbótastarf í skólanum sé virkt og áherslur í samræmi við opinbera áherslupætti í skólastarfi.

Kennslukönnun

Í kennslukönnun tjá nemendur afstöðu sína til kennslu og námsefnis í einstökum áföngum og kennarar fá endurgjöf frá þeim á störf sín. Kennslukannanir eru hluti af innra mati og gæðakerfi skólans og eru jafnframt ákveðinn mælikvarði á árangur af stefnumótunarvinnu, sjá nánar bls 12. Þær eru að jafnaði framkvæmdar í Innu í samræmi við skráða áætlun, sjá í gæðahandbók [STE-0024](#).

Miðað er við að ná amk 70% svarhlutfalli en að svörun undir því en þó yfir 50% gefi vísbendingar um stöðuna.

Viðmið um að amk 80% þátttakenda svari með svarinu „sammála“ eða „frekar sammála“ er metið þannig að matsþáttur sé fullnægjandi og innan viðmiðunarmarka sem krefjast sérstakra viðbragða. Svör undir viðmiðinu eru að jafnaði rædd sérstaklega í snerpusamtölum í kjölfar kennslukönnunar þar sem lögð eru drög að umbótum eftir því sem tilefni er til. Góðum niðurstöðum eru einnig gerð skil, eftir atvikum í snerpusamtali eða starfsmannasamtali. Ath. að á þessu skólaári fóru ekki fram snerpusamtöl enda var starfsmannasamtölum nýlokið og niðurstöðum gerð skil þar. Kennurum var boðið að ræða niðurstöður við aðstoðarskólameistara þegar þeim hentaði. Niðurstöður kannananna í heild eru kynntar gæðaráði, deildarstjórum og kennurum.


Meðal markmiða FVA er að nemendur séu virkir í umræðum í tímum, verkefni í áföngum séu fjölbreytt og hjálpi nemendum að skilja námsefnið og þau fái hvatningu frá kennara til að bæta árangur sinn (í samræmi við áhersluverkefni í stefnumótunarvinnu í öllum kennslugreinum og deildum). Í kennslukönnun haustið 2025 sem lögð var fyrir alla hópa var árangur mældur, annars vegar fyrir dagskóla og hins vegar fyrir dreifnám, en krafan var þessi m.a.:

- Amk 80% nemenda séu mjög eða frekar sammála fullyrðingunni: „Ég tek þátt í umræðum í tímum“
- Amk 80% nemenda séu mjög eða frekar sammála fullyrðingunni: „Verkefnin í áfanganum eru fjölbreytt og hjálpa mér að skilja námsefnið“
- Amk 80% nemenda mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „Kennarinn sýnir áhuga á að ég bæti árangur minn í náminu“

Svarhlutfall í kennslumati 2025 í dagskóla, sjá töflu og til samanburðar er svarhlutfall 2024:

| Dagskóli | Haustönn 2024 | Haustönn 2025 |
|--|-----------------|---------------------|
| Fjöldi svarenda* | 2923 | 2399 |
| Svarhlutfall - meðaltal | 56% | 72% |
| Hvenær lagt fyrir | 14.11.-24.11.24 | 10.11. - 17.11.2025 |
| *Sumir nem. taka fleiri en eina könnun | | |

Niðurstöður varðandi upplifun nemenda í dagskóla um virkni sína í umræðum, fjölbreytt verkefni sem hjálpar nemanda að skilja námsefnið og hvatningu frá kennara til að bæta árangur sinn:




Niðurstöður kennslukönnunar 2025 – Virk þátttaka nemenda í umræðum í tímum: 75%
Hlutfallið 2024 var 60%

Nemendur upplifa því umtalsverða bætingu í þátttöku sinni í umræðum í tímum þó enn sé verk að vinna.


Niðurstöður varðandi fjölbreytni verkefna sem hjálpa nemendum að skilja námsefnið:

Niðurstöður kennslukönnunar 2025

- Verkefnin í áfangunum eru fjölbreytt og hjálpa mér að skilja námsefnið: 82% svöruðu með mjög eða frekar sammála og markmiði því náð.



Niðurstöður varðandi þriðja þáttinn, þe upplifun á því hvort kennari sýni áhuga á því að nemandinn bæti árangur sinn í náminu:



Niðurstöður
kennslukönnunar 2025

- Kennarinn sýnir áhuga á að ég bæti árangur minn í náminu: 88% svöruðu með mjög eða frekar sammála og markmiði því náð.

Freistandi er að líta svo á að ötul vinna kennara í stefnumótunavinnu sl. ár skili árangri inn í kennslustofuna, sbr. niðurstöður kennslukönnunar varðandi fullyrðingarnar „Verkefni í áfangunum eru fjölbreytt og hjálpa mér að skilja námsefnið“ og „Kennarinn sýnir áhuga á að ég bæti árangur minn í náminu“.

Sama könnun var lögð sérstaklega fyrir nemendur í dreifnámi:

| Dreifnám | Haustönn 2025 |
|-------------------------|---------------------|
| Fjöldi svarenda | 183 |
| Svarhlutfall - meðaltal | 37% |
| Hvenær lagt fyrir | 10.11. - 17.11.2025 |

Allar spurningar fengu meira en 90% svara í Mjög eða frekar sammála. Svarhlutfall er lágt eins og vænta má í því ljósi að um er ræða nemendur í dreifnámi en gefur vísbendingu um ágæta stöðu.

Framhaldsskólupúlsinn

| Markmið FVA | Mælikvarðar | Staða | Hvenær |
|--|--|--|----------|
| Að nemandur séu virkir í náminu og þeim líði vel | Að námsáhugi nemenda FVA mælist jafn eða meiri en meðaltal framhaldsskóla skv. Skólupúlsinum | FVA: 5,6 Viðmið: 5,9 Mismunur: - 0,3 | nóv.2024 |
| | Að líðan/vellíðan nemenda mælist jafnmikil eða meiri en meðaltal framhaldsskóla skv. Skólupúlsinum | FVA: 4,7 Viðmið: 4,5 Mismunur: + 0,2 | nóv.2024 |

Virkni og vellíðan nemenda er eitt af markmiðum skólans. Við höfum nýtt Skólupúlsinn, nemendakönnun framhaldsskólanna, til að meta stöðu og árangur af þróunarstarfi (m.a. í gegnum stefnumótunavinnu kennara), sem snýr að líðan,

námsumhverfi, virkni í námi og skólabrag. Síðasta könnun fór fram í nóvember 2024; hér eru rifjuð upp staða FVA m.v. tvo mælikvarða en skv. niðurstöðum voru nemendur í báðum tilvikum nálægt meðaltali þátttökuskólanna, í öðru tilvikinu aðeins undir og í hinu aðeins yfir. Skólupúlsinn miðar við 80% lágmarksþátttökuhlutfall svo líta megi svo á að niðurstöður endurspegli almennt viðhorf nemenda. Svarhlutfall hjá okkur var 77% sem gefur vísbendingu um almennt viðhorf nemenda.

Aðgerðir og áherslur á skólaárinu 2025-2026 beindust sem fyrr að því að námsumhverfið í heild ýtti undir virkni í námi, bæði í gegnum stefnumótunavinnu kennara, þar sem þarfir nemenda voru í

forgrunni, öfluga stoðþjónustu og annan aðbúnað og þjónustu. Jafnframt var sérstaklega hugað að 1. árs nemendum, m.a. með aðkomu nemendafélagsins, til að styðja þau og styrkja í nýju skólaumhverfi.

Næsta könnun Skólapúlsins verður haustið 2026

Aðrar kannanir

Á vorönn 2026 (04. mars) var lögð þjónustukönnun fyrir 378 nemendur í dagskóla. Svörun náði tæplega 60% og má því líta svo á að niðurstöður gefi vísbendingu um stöðuna þó hún sé ekki að fullu marktæk. Könnunin náði til bókasafns, mötuneytis, skrifstofu skólans, stjórnenda skólans, samfélagsmiðla skólans, Skruddu (vikulegt fréttablað skólans á vefnum), Innu, tölvuþjónustu og stoðteymi. Helst er að nefna eftirfarandi niðurstöður:

- Um 80% þeirra sem borða í mötuneytinu eru ánægðir, bæði með matinn, þjónustu og viðmót
- Flestir nemendur fara daglega inn á Innu
- Um fjórðungur nemenda fylgist með Instagram skólans og Instagram nemendafélagsins
- Stoðteymi: 62% nemenda segjast kunna að bóka tíma hjá stoðteyminu og flestir fá tíma þegar þau þurfa á að halda. 89% nemenda hafa rætt við námsráðgjafa. Flest (88%) vissu að skólinn býður upp á þjónustu sálfræðings og 25% nemenda hafa rætt við skólahjúkrunarfræðing. Nánast öllum fannst viðmót stoðteymis í heild mjög gott eða gott og flestir töldu að samtöl hafi verið gagnleg.

Ekki voru aðrar kannanir lagðar fyrir nemendur á skólaárinu.

Rýnihópur nemenda

Á árinu var hrundið í framkvæmd eftirfarandi umbótum á grundvelli hugmynda rýnihóps nemenda frá vorönn 2025:

- Kynning fyrir 1. árs nemendur var eflað gegnum Lífsleikniáfanga og með aðkomu stoðteymis
- Miðannarmat var sett eins nálægt miðju annar og hægt var og stöðumat var fyrir páska
- Frír hafragrautur að morgni: Tímasetningu breytt sem leiddi til þess að mun fleiri en áður mættu í grautinn!

Á vorönn 2026 var rýnihópur nemenda á lokaári aftur kallaður að borðinu. Farið var yfir nokkra þætti sem tilgreindir eru í [nýjum viðmiðum](#) fyrir innra og ytra mat í framhaldsskóla, s.s. skipulag og inntak náms, gæði kennslu, námsvitund, ábyrgð og þátttöku. Skoðanir og mat nemendanna í eftirfarandi þáttum verður haft að leiðarljósi á næsta skólaári:

- Gagnsemi gervigreindar er ótvíræð en halda þarf áfram að þjálfar nemendur í að vera gagnrýnin á lausnir sem hún býður
- Hópnum leist vel á hugmynd stjórnenda um mögulega breytingu á röðun tíma í stundaskrá (einfaldur og tvöfaldur tími)
- Stuðning við félagsstarf má efla, bæði flóru viðburða sem og að styðja við formenn klúbba
- Endurnýja þarf lýsingu í nokkrum kennslustofum (er á kröfulistu skólans til FSRE)
- Leita nýrra leiða fyrir nemendur til að koma hugmyndum sínum á framfæri

Framangreint verður á borði stjórnenda að vinna að á næsta skólaári.

ENDURGJÖF FRÁ STARFSFÓLKI

Starfsmannasamtöl

Verklagsregla (VER-0037) fyrir starfsmannasamtöl er aðgengileg í [gæðahandbók](#) á vefnum.

Snerpusamtöl: Ekki fóru fram formleg snerpúsamtöl á þessu skólaári þar sem starfsmannasamtöl voru í gangi um það leyti sem kennslukönnum lauk en gefinn kostur á samtali við aðstoðarskólameistara.

Nýliðasamtöl á skólaárinu voru 5; fólk upplifði góðar móttökur og stuðning við að koma sér inn í starfið.

Starfsmannasamtöl á skólaárinu voru 63 en alls 68 að nýliðasamtölum meðtöldum. Rætt var um:

Fyrir hverju brennur þú? Hvað kemur þú með að borðinu?
Ertu að njóta hæfileika þinna? Ertu að vaxa í starfi? Finnur þú fyrir velgengni?
Hvaða markmiði í stefnumótun telur þú mikilvægast að deildin þín nái á árinu?
Hvað þarf til að ná þeim markmiðum sem deildin hefur sett sér /þú hefur sett þér?
Hvernig heldurðu neistanum í starfi?
Formleg starfsþróun, endurmenntun sl 2 ár?

Ávallt er gerður listi yfir ábendingar úr samtölunum og vinna skólastjórnendur að úrlausnum. Alls voru skráðar 46 ábendingar, allnokkrar eru langtímaverkefni eða tengjast Framkvæmdasýslu ríkisins sem er í lamasessi um þessar mundir. Búið er að bregðast við 19 ábendingum.

Starfslokasamtöl á skólaárinu voru 4.

Stofnun ársins

Stofnun ársins (starfsumhverfiskönnun í samstarfi Fjármála- og efnahagsráðuneytis, Sameykis ofl stofnana) fór fram síðla hausts 2025 og lágu niðurstöður fyrir um miðjan febrúar 2026. Einkunn FVA var 4,32 en viðmiðið var að vera ekki lægri en 4,31 (niðurstaðan 2024) en helst gera betur sem tókst þó knappt væri!

Heildareinkunn hefur farið hækkandi en frá 2019 en við höfum farið frá því að verma eitt af neðstu sætunum í flokki meðalstórra stofnana til þess að vera í 9. sæti í þeim flokki í nýjustu könnuninni. Þátttaka starfsfólks í könnuninni hefur vaxið í takt við ýmsar umbætur, s.s. á launakjörum og bættum lýðræðislegum stjórnunarháttum þar sem kallað er eftir álit og framlagi starfsfólki í ýmsum verkefnum. Helstu niðurstöður könnunarinnar eru aðgengilegar í heild sinni á vef [Sameykis](#). Í október 2026 verður farið yfir niðurstöður FVA með starfsfólki.

Inngilding

Við höfum að leiðarljósi að starfsfólk upplifi að það tilheyri og sé virt á vinnustaðnum, óháð bakgrunni og kappkostum að gildi skólans, jafnrétti – virðing – fjölbreytileiki séu virk í starfsemi og ákvörðunum. Samskiptasáttmála FVA er einnig haldið á lofti í öllum samskiptum. Í Stofnun ársins gaf starfsfólk spurningu um starfsanda einkunnina 4,55 af 5 mögulegum, þar sem samskipti eru metin (opin og einlæg, óþvinguð og afslöppuð, kemur vel saman við samstarfsfólk).

Rýnihópar um innra mat

Skipulagðri rýnivinnu með þátttöku kennara var haldið áfram á árinu. Undir vorið 2026 fór fram innra mat í skólanum á grundvelli nýrra gæðaviðmiða sem birt eru í heftinu Gæðastarf í framhaldsskólum – Viðmið fyrir innra og ytra mat í framhaldsskólum sem Mennta- og barnamálaráðuneytið kynnti haustið 2025. Um er að ræða þrjá kafla, 1. Nám og kennsla, 2. Stjórnun og fagleg forysta og 3. Innra mat. Gæðaviðmið í kafla 1. Nám og kennsla var metinn. Þátttakendur voru úr röðum kennara, rúmlega 30 manns sem mátu meirihluta vísbendinga fyrir kaflann en gæðaráð nokkrar, samtals rúmlega 100 vísbendingar.

Gæðaráð fór yfir niðurstöður í heild: Vísbendingar sem fengu matið C (verklagi ábótavant) eða D (óviðundandi verklag) og í nokkrum tilvikum B (gott en má bæta), voru metin mikilvæg tækifæri til umbóta og tilgreindu skólastjórnendur ábyrgðaraðila. Niðurstöður voru kynntar þátttakendum en á haustönn 2026 verða umbætur tengdar aðgerðum í stefnumótunarvinnu eftir því sem við á og þeim þá gerð skil.

Metin voru 12 umbótatækifæri og ábyrgðaraðilar valdir:

| Kafli | Vísb. nr. | Umbótatækifæri | Verkefnið fá/fær |
|-----------------------------------|-----------|--|----------------------|
| 1.1 Umgj., skipul. og inntak náms | 5 | Yfirfara áfanganalýsingar og námsáætlanir | Deild.stj./kennarar |
| | 16 | Endurskoða ÍSAN | Deild.stj./stjórn. |
| 1.2 Gæði kennslu | 6 | Samtal og mat | Deild.stj./kennarar |
| | 12 | Ávarpa kennsluhætti skýrar og birta, ea. í skólanámskrá og á vef | Stjórnendur |
| 1.4 Innri skólaþjónusta | 10 | Aukin eftirfylgd við ástundun nemenda | Áf.stj./stoðþj. |
| | 11 | Bæta/þétta móttökuáætlun til virkni | Stoðþj./áf.stj. |
| 1.5 Námsvitund | 2 | Áfram unnið að því að efla námsvitund | Kennarar |
| | 6 | Efla gagnrýna hugsun og lausnaleit nem. | Kennarar |
| 1.6 Ábyrgð og þátttaka | 16 | Leiðb. stjórn NFFA um viðhald aðstöðu | Fél.lífsfltr. |
| | 18 | Leiðbeina forsvarsfólki klúbba um virkni | Fél.lífsfltr. |
| 1.7 Árangur og farsæld nem. | 3 | Virkja/styðja nem. til ág. á eigin árangri | Kennarar/stoðþj. |
| | 7 | Efla eftirlit með mætingum og námsframvindu | Skólastj. skilgreina |

Það er mat stjórnenda að reglubundin rýnivinna af þessu tagi, þ.e. með virkri aðkomu kennara, þar sem afurðin er tengd inn í stefnumótunarvinnu, sé til þess fallin að efla árangursríkt samstarf kennara og stjórnenda, nemendum og skólastarfinu til heilla.

Stjórnendur fóru yfir vísbendingar í kafla 3. Innra mat, samtals 29 vísbendingar. Af þeim fengu 4 vísbendingar matið B en aðrar fengu matið A. Stjórnendur meta skólann vel á veg kominn í innra mati og munu kappkosta að bæta það sem bæta má, svo sem upplýsingar á vef skólans um leiðir við vinnu við innra mat og tryggja aðkomu hagaðila, s.s. kennara, að matinu.

STEFNUMÓTUNARVINNA

Stefnumótunarvinna hélt áfram í öllum deildum en hún á rætur í meginmarkmiði skólastarfs í framhaldsskólum skv. aðalnámskrá, áherslum MRN og Menntastefnu Íslands til 2030; með henni eflum við skólastarfið í heild, nemendur, starfsfólk og ímynd FVA. Framtíðarsýnin er sameiginleg og byggir á fjórum grunstoðum og einkunnarorðum skólans, sjá nánar í [ársskýrslu 2025](#), bls 7 og 8.

Á haustönn 2025 var haldið áfram að vinna að því að auka aðsókn að námi, huga að faglegum ramma í kennslu og skýrri námskrá. Samhliða var unnið að velferð og vellíðan nemenda (kynningarstarf (Mín framtíð, Starfamessur, aukið samstarf við grunnskóla, samfélagsmiðlar)) og bjóða fjölbreytt nám (húsasmíði, sjúkraliðnám og meistaranám).. Á vorönn 2026 héldu kennarar áfram á sömu braut þar sem lykiláherslur voru fjölbreytt nám, á við það besta sem gerist, framsækin og fagleg nálgun í námi og kennslu og að nýta tæknina til fulls. Velferð og vellíðan nemenda er svo ævinlega undirliggjandi krafa í öllum þáttum. Á haustönn 2026 verður þráðurinn frá vorönninni tekinn upp og haldið áfram á sömu braut. Stefnumótunin sem í upphafi virtistflókið og tímafrekt ferli, hefur smám saman orðið sjálfsgætt og hjálplegt verklag í því snúna verkefni kennara að leiðbeina og kenna nemendum í flóknu samfélagi hraða og tækni, stuðla að þroska þeirra og sjálfstæði og bæta skólastarfið jafnt og þétt..

Í stefnumótunarvinnu í deildum liggur allt skólárið undir og eiga gæðastjóri og deildarstjórar mestan þátt í því hve stefnumótunin gengur eðlilega og greiðlega fyrir sig.

ÁRANGUR NEMENDA, MARKMIÐ OG MÆLIKVARÐAR

Árangur nemenda er einkum skoðaður út frá námsárangri, skólasókn, námstíma og brotthvarfi. Skilgreind eru markmið fyrir skólaárið og mælikvarðar fyrir árangur.

Meðaleinkunn og námsárangur: Skólinn hefur sett sér markmið um að meðaleinkunn nemenda á önn sé 6,5 eða hærra og að hlutfall einkunna undir 5,0 fari ekki yfir 15% í heildina. Niðurstöður á skólaárinu eru eftirfarandi og markmið náðust því á báðum önnum:

| | H 2525 | V 2026 |
|---------------|--------|--------|
| Meðaleinkun | 7,4 | 7,05 |
| Fallprófsenta | 9,70% | 11,60% |

Skólasókn - mæting: Markmið skólans er að skólasóknareinkunn sé ekki undir 5, þ.e. að mæting sé ekki undir 85% viðmiði sbr. skólasóknarreglur í [skólanámskrá](#). Meðalraunmæting (átt er við mætingu án tillits til fjarvista vegna veikinda og leyfa) á H2025 var 81% en V2026 var hún 82%. Raunmæting á skólaárinu í heild var því 81,5% og því aðeins undir viðmiði. Ath. að markmiðið í stefnumiðaðri ríkisáætlun er 90%.

Stöðug og góð eftirfylgd, hvatning og stuðningur til að draga úr óútskýrðum fjarvistum og bæta skólasókn er óumdeilt mikilvægt og ekki hvað síst til að styðja við nemendur í brotthvarfshættu.

Áfangastjóri og stoðteymi efldu eftirlit með mætingum og námsframvindu nemenda markvisst á árinu og er fyrirhugað að efla það enn frekar, sbr tilgreind umbótatækifæri í innra mati vorið 2026.

Brotthvarf: MRN skilgreinir nýnemabrotthvarf þannig: „Árlegt nýnemabrotthvarf úr framhaldsskóla er skilgreint sem hlutfall nýnema í aðalskóla sem hafa hætt í framhaldsskóla á skólaárinu án þess að

útskrifast eða flytja sig í annan framhaldsskóla“, sjá [þingskjal 329 -192. Mál.](#) Samkvæmt mælingum ráðuneytisins fyrir árið 2025 mældist nýnemabrottfall hjá FVA 0,9% en 4,5% á landsvísu. Þetta er töluvert lægra hlutfall hjá okkur en undanfarin ár en hafa verður í huga að nemendahópur FVA er fjölbreyttur og að fyrri námsárangur úr grunnskóla er sterkur forspárþáttur brotthvarfs úr námi. Með eftirliti, öflugri náms- og starfsráðgjöf og stoðþjónustu er stöðugt unnið gegn brotthvarfi hjá FVA, sjá einnig kaflann um skólasókn og mætingu hér að ofan.

Námstími: Markmið skólans er að a.m.k. 58% nemenda (var áður 50%) eða hærra hlutfall sem hefja nám á stúdentsbrautum strax eftir 10. bekk séu brautskráð á þremur árum (hlutfall er í samræmi við upplýsingar MRN í [skýrslu 1182/157](#), bls. 4).

Af 63 nemendum sem hófu nám á stúdentsbraut í FVA H2023 hafa 16 hætt, eða 25,4%. Samtals 29 nemendur af þeim sem héldu áfram (47) útskrifuðst á réttum tíma eða 61,7%. En þegar horft er á upphafs fjölda og fjölda þeirra sem útskrifast eftir þrjú ár er hlutfallið 46% og þar erum við undir markmiði. Fram er komið hér frammar að eftirlit með mætingum og skólasókn hefur verið eflt í viðleitni við efla nemendur bæði hvað varðar skólasókn og allt nám.

Yfirlit yfir loknar einingar:

| | Loknar ein >40 | Loknar ein > 80 |
|----------------|-----------------------|-----------------------|
| | eftir 2 annir | eftir 4 annir |
| | Hlutfall lokinna ein. | Hlutfall lokinna ein. |
| árg./innritast | árg. 2009 (H25) | árg. 2008 (H24) |
| V2026 | 85% | 72% |

NÝMÆLI

Meistaraskóli: Brautskráðir voru 23 nemendur úr Meistaraskóla vorið 2025. Ekki var grundvöllur fyrir að fara af stað með námið í ársbyrjun 2026 eins og til stóð vegna tilmæla ráðuneytis um hagræðingu en meistaranámið er að mestu kennt í yfirvinnu. Næst fer samt Meistaraskóli af stað haustið 2026 þar sem þörfin er brýn og atvinnulífið kallar eftir þessari menntun. Aðsókn er afar góð.

LOVE3ST05 er lokaverkefnisáfangi á bóknámsbrautum með áherslu á sjálfstæð og akademísk vinnubrögð þar sem nemendur kynna afrakstur rannsóknarvinnu sinnar með leiðbeinanda í málstofu í lok annar. Áfanginn var keyrður í þriðja sinn á vorönn 2026 og luku 32 nemendur áfanganum, sjá [Love kynningar](#) á vefsíðu skólans. Nú hefur gervigreind sett strik í reikninginn hvað varðar sjálfstæð vinnubrögð og um þessar mundir er verið að hugsa áfangann upp á nýtt. Mögulega verður orðafjöldi í ritgerð og greinargerð skorinn niður, etv verða settir fleiri fastir tímar í stundatöflu svo hægt sé að fylgjast náið með ferlinu en því fylgir meiri kostnaður. Áhersla er áfram á aðferðafræði, heimildavinnu og verkefnadrifið nám.

Farsælt frístundastarf. Ekki náðist nægur nemendafjöldi í þennan áfanga á skólaárinu.

Starfstengd námslína er innan [framhaldsskólabrautar](#) og var sett á laggirnar á skólaárinu 2024-2025 í tengslum við verkefnið „Þróun módelis fyrir starfstengda námslínu á framhaldsskólabraut“ sem hlaut styrk frá Rannís vorið 2024 en ekki hlaut styrkur fyrir áframhaldandi vinnu við verkefnið. Námslínunni er einkum ætlað að búa nemendur undir nám á bók- eða verknámsbrautum skólans en getur samtímis

verið stuðningur fyrir nemendur sem eru í brotthvarfshættu. Þrjú nemendur voru skráðir á starfstengda línu á vorönn 2025 en verkefnið var óvirkt H25 og V26. Það er hins vegar til og hægt að nýta það síðar.

STARFSÞRÓUN

Starfsþróunarteymi tók til starfa í FVA á haustönn skv. samkomulagi við KÍ og ríkið frá 25. febrúar 2025. Í því sitja tveir kennarar (launað sérstaklega) og tveir stjórnendur (launalaust). Teymið náði að halda fimm starfsþróunarfundi með kennurum á haustönn 2025 þar sem unnið var sameiginlega við að kynna sér og læra á notkunarmöguleika gervigreindar í námi og kennslu. Á vorönn 2026 var meiri festa og regla að komast á og voru fundir samtals átta auk Fræðsluþings í FVA þann 27. maí með hinum framhaldsskólunum á Vesturlandi.

Starfsþróunardagurinn 27.5.2026: Fræðsluþing framhaldsskólanna á Vesturlandi, þar sem um 80kennarar komu saman í FVA og tóku þátt í 12 málstofum. Starfsþróunarteymi skólans skipulagði daginn og veitingar voru í boði FVA og sáu starfsmenn mötuneytis um það. Þátttaka var mjög góð og má líta svo á að um hafi verið að ræða stórviðburð í fræðslumálum framhaldsskólanna á Vesturlandi sem stefnt er á að endurtaka.

Málstofurnar voru eftirfarandi: (FVA) Málstofa stærðfræðideildar, (FVA) Gervigreind og gagnrýnin hugsun, (FVA) Rafrænt námsefni í raungreinum, (FVA) Virk þátttaka - betri árangur, (FVA) Málstofa um starf lista og nýsköpunarsviðs og samstarf þess við faggreinakennslu í FVA, (FVA) Gervigreind í námsefnisgerð, (Saman) Málstofa um lokaverkefni, (MB) Málstofa um lífsnám í MB, (MB) STEAM – málstofa, (FSN) Kynning á Inspira, (FSN) Málstofa um Gervigreind – Notebook LM og fleira, (FSN) Kynning á SAKA.

Þátttakendur voru mjög ánægðir með þingið og lýstu yfir áhuga á að viðburðurinn yrði árlegur: Samtal kollega af því tagi sem þarna var er afar gagnlegt og hvetjandi fyrir kennarastarfið og lifandi samstarf skólanna á Vesturlandi.

Auk framangreinds átti skólinn gjöfult samstarf við FSS á Selfossi og FSU í Keflavík sem felur í sér hagnýta starfsþróun á sviði skólastarfsins. Þrískólafundur með öllu starfsfólki skólanna var haldinn í Keflavík þann 29. september. Þá hittist starfsfólk í 13 framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu á skipulögðum starfsþróunardegi í lok febrúar 2026. Mæting frá FVA var mjög góð á báða þessa viðburði. Stjórnendur skólanna hittast einnig mánaðarlega á fundi í Reykjavík til að ræða ýmis skólamál.

Eftir öflugt og gefandi starf að starfsþróun á skólaárinu er hlé á störfum teymisins þar til í ágúst þegar sest verður yfir starfsþróunaráætlun FVA fyrir næsta skólaár. Búið er að gera ráð fyrir átta starfsþróunarfundum á miðvikudagsmorgnum skv. skóladagatali auk starfsþróunardags 23. apríl 2027 en dagskráin verður ákveðin í haust.

JAFNLAUNAKERFI, JAFNRÉTTI, ÁRANGUR

Tími jafnlaunavottunar er liðinn eins greint er frá í kaflanum Innri og Ytri úttektir bls. 4. Meginmarkmið um að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði stendur hins

vegar óhaggað en eftirlit verður fært í annan búning sem krefst ekki árlegrar úttektar löggiltrar vottunarstofu.

Síðasta úttekt og vottun skv. fyrra kerfi fór fram á vordögum 2026 og gildir til 2029 en áður höfðum við uppfært jafnréttisáætlun og launastefnu skólans þar sem einkunnarorð skólans jafnrétti - virðing - fjölbreytileiki eru einnig undirliggjandi og eru leiðarljós skólans í allri nálgun við fólk og verkefni.

Mælikvarðar í Stofnun ársins nýtast til að meta viðhorf starfsfólks til jafnréttismála hjá skólanum en áhersla er lögð á að FVA mælist á meðal hinna bestu. Í Stofnun ársins 2025 mældist FVA með einkunnina 4,35 í þættinum jafnrétti sem er örlítill lækkun frá fyrra ári og skoða þarf hvað/hvort gera má betur. Í [Jafnréttisáætlun](#), bls. 9-10 má sjá jafnréttisvísi, yfirlit yfir kynjahlutfall ýmsum nefndum og ráðum, miðað við árslok 2025. Jafnréttisfulltrúi er starfandi skv. stofnanasamningi FVA og skilaði í skýrslu í lok skólaársins um helstu verkefni.

VIÐHALD OG ENDURNÝJUN

Endurnýjun á húsnæði og kennslu- og tölvubúnaði og mat á þörf er reglulega á döfinni og að venju liggur fyrir langur listi yfir nauðsynleg viðhaldsverkefni í skólanum enda húsnæðið gamalt og mikil umgengni. Fjöldi beiðna frá FVA er fyrirliggjandi hjá FSRE, s.s. um nauðsynlegar framkvæmdir á heimavist, í kennslustofu á rafvirkjun, málun á gólfi í húsi málmiðngreina, endurbætur á aðstöðu á bókasafni og skrifstofu og gólfefni á kaffistofu, svo dæmi séu tekin. Ný þjónustugátt FSRE var tekin í notkun nýlega en þaðan er fátt um svör og enn minna um framkvæmdir. En þar kemur fram að endurbætur á húsnæðinu geti leitt til hærri húsaleigu. Nú greiðir FVA um 20 milljónir á mánuði í húsaleigu.

LOKAORÐ

Skipunarbréf skólameistara var endurnýjað í janúar 2025. Á sl árum hafa miklar jákvæðar breytingar orðið m.a. á ímynd skólans og stefnu, farsæld og vellíðan starfsfólks og nemenda. Með stefnumótun sem hófst 2023 hefur margt áunnist; kennsluhættir eru fjölbreyttir og námið lifandi og unnið er markvisst að því að auka virkni og þátttöku nemenda. Áhersla er lögð á gæði í starfsumhverfismálum og skólastarfinu og á framúrskarandi menntun með áherslu á þekkingu, vellíðan, þrautseigju og árangur í umhverfi þar sem öll geta lært og öll skipta máli.

Samstarf innanlands og erlendis og við hagaðila á svæðinu er gott, starfsbraut og afreksíþróttasvið standa í blóma, námskrá er í sífelldri endurskoðun, stoðteymi er sérlega öflugt, félagslíf nemenda og starfsfólks er fjörukt, góð aðsókn er að heimavist og þar ríkir góður heimilisbragur.

Kappkostað er að hafa gott skipulag á mikilvægum sviðum, s.s. í mannahaldi og ráðningum, við innkaup, við kennsluskiptingu og hópastærðir í áföngum o.fl. til að halda rekstrarkostnaði í lágmarki. Markmið skólans er að rekstur sé í samræmi við fjárheimildir og innan 4% skekkjumarka. Ekki náðist þó að reka skólann innan fjárheimilda á síðasta skólaári sem er afar leiðinleg staða þegar allir eru að gera sitt besta. Þar kemur til hækkun á launakostnaði, m.a. vegna fjölgunar kennara með kennsluafslátt, yfirvinnu í verknámi, fæðingarorlofa sem leysa þurfti með yfirvinnu, veikinda sem leysa þurfti með



yfirvinnu, fjölgunar stöðugilda á starfsbraut en vinnumat þar er alltof dýrt, og vegna stofnanasamnings (ýmis verkefni, starfsaldurshækkningar). Það tókst að draga aðeins úr launakostnaði og yfirvinnu á skólaárinu en það þýðir minni þjónustu og rýrara námsframboð fyrir nemendur. Ekki er bæði sleppt og haldið. Það er ekki borð fyrir báru t.d. til að bregðast við veikindum eða svara margvíslegum þörfum nemenda, einkum þeirra sem standa höllum fæti. Stutta útgáfan er sú að fjárveitingin dugar ekki, ef við fengjum fjármagn sem svarar 10 nemendaígildum til viðbótar gætum við gert það sem þarf fyrir okkar nemendur og borið höfuðið hátt.

Aðsókn að skólanum er góð og vinnustaðurinn eftirsóttur. Starfsmannahópurinn er kröftugur og áhugasamur eins og kom m.a. fram á nýjum viðburði sem heitir Fræðsluþing framhaldsskóla Vesturlands, þar sem um 80 kennarar frá FVA, FSN og MB komu saman 27. maí sl. til að fræða og fræðast. Starfsþróunarteymi okkar skipulagði viðburðinn og var gerður góður rómur að. Starfsmannahópurinn endaði svo skólaárið með skólaheimsókn til Rómar í júní. Nemendur halda okkur síðan á tánnum daglega með uppátækjum sínum. Það eru einmitt nemendur sem gera allt umstangið þess virði.

16. júní 2026

Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari